

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**7. nóvember 2023**

## **Breytingatillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um álagningarhlutfall fasteignaskatta 2024**

Borgarstjórn samþykkir að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði fyrir árið 2024, þannig að tekjur borgarsjóðs af álögðum fasteignagjöldum hækki ekki milli ára, að teknu tilliti til verðbólgu (áætluð 4,9% árið 2024).

Lagt er til að álagningarhlutfall fasteignaskatta vegna ársins 2024 verði sem hér segir:

1. Hlutfall fasteignaskatts skv. a-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði 0,165%.
2. Hlutfall fasteignaskatts skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði áfram 1,32%.
3. Hlutfall fasteignaskatts skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði 1,56%.

Tillagan felur í sér að tekjur lækka um 660 m.kr. vegna fasteignaskatts skv. a-lið sbr. ofangreint og um 440 m.kr. skv. c-lið. Samanlögð tekjulækkun sem nemur 1.100 m.kr. verði fjármögnuð af lækkun útgjalda.

### **Greinargerð**

Á vordögum kynnti Þjóðskrá Íslands nýtt fasteignamat fyrir árið 2024. Samkvæmt matinu hækkar heildarmat fasteigna á Íslandi um 11,7% frá yfirstandandi ári og verður 14.400 milljarðar króna. Fasteignamat íbúða á höfuðborgarsvæðinu hækkar um 13% en hækkun mats atvinnuhúsnæðis verður 4,5% árið 2024.

Meðal fasteignamat íbúðarhúsnæðis í Reykjavík er 64,7 milljónir en verður með hækkuninni 73,1 milljón króna árið 2024, sem er um 8,4 milljóna króna hækkun. Að jafnaði eru fasteignaskattar á meðalíbúð í Reykjavík 116.500 kr. en verða að óbreyttu á næsta ári 131.645 kr., sem er rúmlega 15 þúsund króna hækkun, ef álagningarhlutföll haldast óbreytt. Þetta er byggt á útreikningum hagfræðideildar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Hækkanir á fasteignamati leiða óhjákvæmilega til skattahækkana á heimili og fyrirtæki. Ef álagningarhlutfalli verður ekki breytt, munu fasteignaeigendur nú fyrirsjáanlega verða fyrir skattahækkunum sem nema milljörðum árlega. Eina skynsamlega viðbragð sveitarfélags við hækkuninni er lækkun skattprósentu – enda kostar það borgina ekki meira að þjónusta fasteignaeigendur þó fasteignamat hafi hækkað.

Með því að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði úr 0,18% niður í 0,165% má spara heimilunum í borginni hundruð milljóna miðað við áætlanir borgarinnar. Með því að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,60% niður í 1,56% má jafnframt draga úr skattlagningu á atvinnulíf í borginni, sem tók gríðarlegum hækkunum á liðnu ári.

Með hliðsjón af framanrituðu er lagt til að borgarstjórn samþykki að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði fyrir árið 2024 með þeim hætti sem getið er að ofan.